



SKÓGRÆKTARFERÐ TIL SVÍÐJÓÐAR



27. september – 3. október 2025

Svíðjóð | Danmörk

Ferðalýsing

6 nætur | 7 dagar

2 nætur Nörrköping | 1 nótt Jönköping | 2 nætur Växjö | 1 nótt Gautaborg



27. september | Flug til Stokkhólms & ekið til Nörrköping

Brottför frá Keflavík kl. 7:35. Mæting í Leifsstöð u.þ.b. 2,5 klst. fyrir brottför. Lending í Stokkhólmi kl. 12:45 að staðartíma. Frá Stokkhólmi verður ekið til Nörrköping og gist þar tvær nætur á Scandic Strömmen^{4*}. Sameiginlegur kvöldverður (innifalinn).

28. september |

Skoðunarferð í nágrenni Nörrköping. Gisting í Nörrköping á Scandic Strömmen^{4*}. Sameiginlegur kvöldverður (innifalinn).

29. september |

Haldið til Jönköping. Þar byrjum við á að heimsækja Husqvarna, sem er einn stærsti tækjaframleiðandi í skógargeiranum. Því næst munum við fara í heimsókn til ríkisskógræktar þeirra Svía (Skogsstyrelsen) í höfuðstöðvar þeirra. Gisting í Jönköping á Quality Hotel Match^{4*}. Sameiginlegur kvöldverður (innifalinn).

30. september |

Jönköping yfirgefin og haldið suður á bóginn. Haldið verður í heimsókn til skógarbóndans Camilla Logarn og kíkt við í gróðrarstöð. Gisting í Växjö á Elite Stadshotellet^{4*}. Sameiginlegur kvöldverður (innifalinn).

1. október |

Heimsókn til Göran Örlander, sem leiðir vinnu við endurskoðun skógarstefnu Svía. Frjáls tími síðdegis í Växjö. Gisting í Växjö á Elite Stadshotellet^{4*}. Kvöldverður á eigin vegum.

2. október |

Haldið norður og vestur á bóginn í áttina að Gautaborg, þar sem við eigum stefnumót við skógarbændur. Gisting í Gautaborg á Clarion Hotel Post^{4*}. Sameiginlegur kvöldverður (innifalinn).

3. október | Heimferðardagur

Þá er komið að lokum þessarar góðu ferðar. Haldið frá Gautaborg og ekið til Kaupmannahafnar. Á leiðinni munum við meðal annars stoppa í Gekås Ullared, sem er ein stærsta verslunarmiðstöð Norðurlandanna.

Brottför er svo frá Kastrup flugvelli í Kaupmannahöfn flug FI 2017 kl. 22:35 að staðartíma, áætluð landing í Keflavík kl. 23:50.

Fararstjórar geta breytt dagskrárliðum eftir þörfum þegar komið er á staðinn.

Verðið er 329.900 kr. á mann í tvíbýli.

63.000 kr. aukagjald fyrir einbýli.

Staðfestingargjald er 80.000 kr. á mann sem greiðist við bókun.

Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallarskattar.
- ✓ Gisting í 2ja manna herbergi með baði í 6 nætur á góðum 4* hótélum.
- ✓ Morgunverður allan tímann á hótélum.
- ✓ Fimm kvöldverðir.
- ✓ Allar ferðir með rútu samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Íslensk fararstjórn.

Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn í söfn, hallir og kirkjur.
- ✓ Hádegisverðir.
- ✓ Tveir kvöldverðir (1. & 3. október).
- ✓ Þjóf fé.
- ✓ Ferða- og forfallatryggingar.